

Námskrá fyrir fimm ára börn í leikskólum Kópavogs

Námsvið leikskóla	Hreyfing	Málrækt læsi leikræn tjáning	Myndsköpun	Tónlist	Náttúra og umhverfi	Menning og samfélag	Öll námsvið
Námsgreinar grunn-skóla	Íþróttir – líkams- og heilsurækt	Íslenska, móður-mál, lestur, erlend tungumál og leikræn tjáning	Listgreinar	Listgreinar	Náttúrufræði	Lífsleikni, heimilsfræði, kristinfræði, siðfræði, trúarbragða-fræði og samfélagsgreinar	Stærðfræði
Proskapættir	Líkams- og hreyfiþroski, vitsmunaproski og félagsþroski	Málþroski, vitsmunaproski, félagsþroski og fagurþroski	Fagurþroski, hreyfiþroski, vitsmunaproski, félagsþroski og málþroski	Fagurþroski, vitsmunaproski, félagsþroski og hreyfiþroski	Vitsmunaproski, hreyfiþroski og fagurþroski	Tilfinningaþroski, siðgæðisþroski, félagsþroski og vitsmunaproski	Vitsmunaproski
Fjölgreindir How. Gardners	Líkams- og hreyfi-greind, rýmisgreind	Málgreind	Rýmisgreind	Tónlistargreind	Umhverfisgreind	Sjálfsþekkingargreind Samskiptagreind	Rök- og stærðfræðigreind
Markmið: Að börnin:	<p>Fullnægi hreyfiþörf sinni, eflir hreyfiþroska, hreyfigetu og samhæfingu hreyfinga.</p> <p>Þrói með sér jákvæða líkamsvitund.</p> <p>Tengi heilbrigða lifnaðarhætti við holla fæðu, nægan svefn og fjölbreytta hreyfingu.</p> <p>Eigi kost á alhliða hreyfingu, fái að reyna á sig og slaka á.</p> <p>Verði sem mest sjálfbjarga við daglegar athafnir, t.d. að klæða sig úr og í.</p> <p>Noti fjölbreytt áhöld.</p>	<p>Heyri fjölbreytt og vandað málfar.</p> <p>Tjái sig við aðra, taki þátt í samræð-um og færi rök fyrir máli sínu.</p> <p>Noti málið til að tjá sig um eigin hugmyndir.</p> <p>Sjái ritmál notað við margvíslegar aðstæður í leikskólanum.</p> <p>Fái tækifæri til að auka orðaforða sinn og leika sér með hljóðkerfi tungumálsins.</p> <p>Noti málið til að afla sér þekkingar.</p> <p>Fái að kynnast því að til eru mismunandi tungumál og þróa jákvætt viðhorf til tungumálanáms.</p>	<p>Vinni með fjölbreyttan, skapandi efnivið.</p> <p>Tjái hugmyndir sínar og skapi út frá eigin upplifunum.</p> <p>Vandi verk sín, fullvinni þau og gangi frá eftir sig.</p> <p>Virði verk annarra.</p> <p>Tjái sig um verk sín.</p>	<p>Þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjandi.</p> <p>Þroski með sér frumkvæði og frjálsa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist.</p> <p>Kynnist ýmsum hljóðfærum og hljóðgjöfum og eiginleikum þeirra.</p> <p>Kynnist margvíslegri tónlist, t.d. frá mismunandi menningarsvæðum.</p>	<p>Kynnist fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru í íslenskri veðráttu.</p> <p>Kynnist lífríkinu í nánasta umhverfi og tengi það árs-tíðunum.</p> <p>Umgangist náttúruna af virðingu.</p> <p>Upplifi umhverfisvernd sem eðlilegan þátt í daglegu lífi.</p>	<p>Eigi jákvæð samskipti.</p> <p>Sjái sjónarmið annarra, sýni umburðarlyndi, taki tillit til, hjálpi hvert öðru og deili með öðrum.</p> <p>Vinni í hóp að sameiginlegu markmiði.</p> <p>Þekki helstu hátíðir í íslensku samfélagi og siði sem tengjast þeim.</p> <p>Kynnist mismunandi fjölskyldugerðum.</p> <p>Kynnist mismunandi þjóðmenningu og temji sér jákvætt viðhorf til ólíks uppruna og sérkenna annarra.</p> <p>Vinni sjálfstætt.</p> <p>Fái að bera ábyrgð.</p> <p>Noti lýðræðisleg vinnubrögð.</p>	<p>Raði, flokki, greini og skipuleggi eftir reglu og mynstri.</p> <p>Leiki/vinni með talnaröð og fjölda.</p> <p>Leiki sér með stærðfræðileg hugtök, s.s. meira en, minna en, jafn mikið, þykkt/þunn, breitt/mjótt, grunnform o.s.frv.</p> <p>Leiki sér með magn og mælingar, formlegar sem óformlegar.</p>

Leiðir í leikskóla	Börnin:	Börnin:	Börnin:	Börnin:	Börnin:	Börnin:	Börnin:
Val	Hafa aðgang að skapandi umhverfi, úti og inni þar sem þau beita fín- og grófhreyfingum.	Hafa aðgang að bókum. Nota ritmál í tengslum við það að velja. Hafa aðgang að texta og bókstöfum sem leikefni.	Hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið og áhöldum til skapandi vinnu þ.m.t. tölvu/teikniforriti.	Hafa tækifæri til að vinna frjálst með hljóðfæri og hljóðgjafa og hlusta á fjölbreytta tónlist.	Hafa aðgang að náttúrulegu leikefni. Hafa aðgang að vísindasvæði.	Taka sjálfstæða ákvörðun um valsvæði og leikefni. Ganga frá og taka til.	Hafa aðgengi að tilrauna/vísinda- og kubbvasvæðum.
Hópvinna	Fara í hringleiki og dansa. Vinna með fínhreyfingar. Fara í leiki þar sem þau nota líkamann.	Gera saman og skrá, sögu/ ljóð/ leikrit. Fylgja munnlegum leiðbeiningum.	Vinna sameiginlegt myndlistarverkefni. Tjá sig um verk sín.	Búa til tónverk saman, skrá og flytja. Taka þátt í dans-, hreyfi- og söngvaleikjum.	Vinna saman með náttúrulegan efnivið. Rækta úti/inni.	Hafa samvinnu um frágang og tiltekt. Vinna verkefni tengd mismunandi menningu þjóða. Taka lýðræðislegar ákvarðanir. Vinna með ísl. fánann og aðra fána.	Leysa þrautir í samvinnu. Fara í stærðfræðileiki. Spila saman. Búa til spil.
Útívera – vettvangsferðir Að klæða sig úr og í Að koma og fara	Reyna á sig. Taka þátt í frjálstri hreyfingu og leikjum. Nota fjölbreytt tæki. Klæða sig sjálf úr og í.	Ræða um nánasta umhverfi, árstíðir, veðurfar o.fl.	Vinna úr náttúrulegum efnivið úti og/eða inni. Fara á myndlistarsýningar.	Fara á tónleika. Hlusta á og kanna umhverfishljóð.	Meta sjálf klæðnað eftir veðri. Flokka sorp. Vinna með sand, vatn, mold og steina. Fegra umhverfið.	Hjálpa hvert öðru að klæða sig. Fara í ferð á safn. Fara í hópleiki. Ganga vel um fataherbergi. Heilsa og kveðja.	Stökkva/ganga langt/stutt – mæla. Fara í París með tölum og formum. Veita athygli formum og tölum í umhverfinu, t.d. á húsum, bílum.
Samveru-Stund	Velja sér stellingu. Fara í jógaleiki og hermileiki Fara í handa- fingra- andlits- og tunguleikfimi.	Hlusta á sögur og bækur án mynda. Fara með þulur og ríma og vinna með stöðu hljóða í orðum. Kynnast ólíkum tungumálum.	Skoða saman bækur með listaverkum. Ræða myndskreytingar í bókum.	Læra metnaðarfull lög og ljóð. Hlusta á fjölbreytta tónlist. Slá/klappa takt og hrynjanda.	Hlusta á sögur/bækur um umhverfið, dýr og plöntur. Skoða árstíðir og veðurfar.	Hlusta á gamlar sögur og sagnir. Fjalla um mismunandi menningu þjóða og ólík tungumál. Ræða um sig sjálf, heimili, símanúmer, afmælisdaga, nöfn foreldra og systkina, afa og ömmu og mismunandi fjölskyldugerðir. Ræða um atvinnuvegi.	Fara í talnaleiki. Hlusta á vísur/þulur og sögur þar sem fjallað er um stærðir og fjölda. Nota dagatal og klukku.
Matartími	Skammta sér sjálf, nota hníf og gaffal og hella í glas. Hjálpa til við að leggja á og bera af borðinu.	Ræða t.d. um matartegundir og hollustu matar. Spjalla notalega saman yfir matnum.	Sjá að matur er fallega fram borinn.	Ræða hvaðan maturinn kemur, um næringu og hollustu. Fara vel með mat.	Börnin nota góða borðsiði, sýna tillitsemi, hjálpsemi, samhjálpa. Kynnast matarhefðum, gömlum og nýjum og mat frá ýmsum löndum.	Leggja á borð. Vinna með hægri – vinstri. Vinna með fjölda og magn.	
Hvöld	Taka þátt í slökun – nuddi.	Hlusta á sögur, t.d framhaldssögur og söngva.	Loka augum og ímynda sér.....	Hlusta á slökunartónlist, þögn og umhverfshljóð.	Hlusta á umhverfis og náttúruhljóð.	Upplifa vellíðan með vinum sínum.	Leggja niður dýnur.
Líkamleg umhirða	Hjálpa sér sjálf á salerni og við andlits- og handþvott.	Ræða gildi hreinlætis og líkamsumhirðu.	Nota hlífðarföt við myndsköpun.	Syngja lög um líkamann og umhirðu hans.	Ræða um pappírinn sem þau þurrka sér með.	Ræða hreinlæti – sýkingavarnir. Ræða mikilvægi handþvottar.	Velta fyrir sér fjölda og stærðum líkamshluta, magni sápu og pappír.